



Vefsíða: www.inl.is Netfang: info@snorri.is

Fréttabréf Þjóðræknisfélags Íslendinga

Ritstjórn *Alexía Björg Jóhannesdóttir – Almar Grímsson (ábm.)*

Christina Sunley í heimsókn Freyjuginning – The Tricking of Freya



Christina Sunley

Rithöfundurinn Christina Sunley vakti mikla athygli þegar gefin var út skáldsaga hennar „*The tricking of Freya*“. Christina er af íslenskum ættum og er söguvið bókarrinnar einkum í Gimli og á Íslandi. – Bókafélagið Uglu gaf út fyrir jól 2009 íslenska þýðingu á sögunni sem hefur titilinn „*Freyjuginning*“. Höfundurinn kemur í heimsókn til Íslands í lok maí og verða kynningar á Christinu og verkum hennar á eftirtöldum stöðum.

Þjóðmenningarhúsið

mánudaginn 31. maí kl. 16:30

Bókafélagið Uglan og ÞFÍ bjóða til kynningar.
Boðið er upp á kaffi og kleinur eftir dagskrá.

**Reykjavíkur Akadémían í JL húsinu
Hringbraut 121, 4. hæð,
Þriðjudaginn 1. júní kl 16:00**

Upplestur og pallborðsumræður.

**Stofnun Gunnars Gunnarssonar,
Skríðuklaustri
Sunnudaginn 6. júní**

Höfundur les úr bók sinni og ræðir við gesti.

**Amtsbókasafnið á Akureyri
miðvikudaginn 9. júní kl. 17:00**

Höfundur les úr bók sinni og ræðir við gesti.

Bókin verður á tilboðsverði á kynningunum.

Vigdís Finnbogadóttir



Vigdís Finnbogadóttir frv. forseti Íslands átti áttæðisafmæli 15. apríl s.l. Vigdís er heiðursfélagi ÞFÍ og jafnframt í INL of North America. ÞFÍ sendi henni árnaðaróskir og einnig bárust henni fjölmargar kveðjur frá afkomendum íslenskra landnema í Vesturheimi.

Þing INL of North America

í Toronto 22. – 25. apríl s.l.

Árþing Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi (INL of North America) var haldið dagana 22. – 25. apríl s.l. Dagskrá var mjög fjölbreytt og auk hefðbundinna fyrirlestra um sögu, tungumál og ættfræði var pallborðsumræða um efnahagsástandið á Íslandi og um orkumál. Þar fluttu ávörp Oskar Sigvaldason verkfræðingur og Friðrik Jónsson en hann er frumkvöðull um nýtingu CO2 til framleiðslu eldsneytis. Jónas Þór flutti ítarlegt erindi um landnám íslendinga á Washingtoneyju. Auk Almars Grímssonar formanns ÞFÍ sótti Kent Larus Björnsson stjórnarmaður í ÞFÍ þingið. Þá voru nokkrir aðrir þátttakendur frá Íslandi t.d. Robert Jack sem kynnti áform um ferðaþjónustu á Geitafelli á Vatnsnesi. Gail Einarson McCleary var kjörin forseti INL og tekur hún við af Gerri McDonald.



Almar ávarpar þingið



Gail í ræðustól